Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1943
komudagur 28.4.2006

Allsherjarnefnd
28.4.2006

Þingskjal 1048 mál 712

Við í Bríeti, félagi ungra feminista fengum til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum er varða kynferðisbrot. Almennt erum við ánægðar og sáttar við þær breytingar sem hér eru lagðar fram þó með undantekningum sem við listum hér að neðan. Að auki viljum við vekja athygli á þeirri röksemdafærslu sem notuð er í kaflanum Kaup á vændi, þar eru taldir upp kostir og gallar þess að geura kaup á vændi refsiverð og stendur meðal annars:
"3. Þótt mansal dragist saman í einu landi getur það þýtt samsvarandi aukningu í öðru landi. Engin lausn er að flytja vandann til annarra landa heldur þarf samstillt átak þjóða til þess að taka á honum."
Þetta finnst okkur afar varhugaverð röksemdafærsla einkum og sér í lagi ef hún er yfirfærð yfir á önnur brot t.d. ef þarna stæði innbrot í stað mannsals.
Það þarf vissulega samstillt átak þjóða til þess að vinna gegn mannsali en við teljum það ekki eiga að standa í vegi fyrir því að íslensk stjórnvöld sýni fordæmi í sinni lagasetningu og verði leiðandi í baráttu gegn mannsali. Bann við kaupum á vændi væri eitt skref í rétta átt.

1.gr.
Hefðum viljað sjá afnám fyrningar í kynferðisbrotum gegn börnum. Styðjum heilshugar við frumvarp þess efnis sem lagt var fyrir Allsherjarnefnd af Ágústi Ólafi Ágústssyni, sbr. Þskj. 72 — 72. mál.

7.gr.
Kynferðisleg áreitni er skilgreind á tveimur stöðum í íslenskri löggjöf. Annarsvegar í frumvarpinu um almenn hegningarlög og hinsvegar í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 96/2000. Þar sem frumvarpið leggur til breytingar á hegningarlögunum hvað varðar kynferðislega áreitni mælum við með að samræmi verði gert milli ólíkra skilgreininga á hugtakinu. En við mælum með því að skilgreiningin í lögum 96/2000 verði notuð.

10. gr.
Hefðum viljað sjá eftirfarandi breytingu:
Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára,
Að í stað 14 ára kæmi 16 ára þar sem við teljum 14 ára barn vera of ungt til að stunda kynlíf og teljum að löginn ættu að vernda þau til 16 ára aldurs.
Samhliða slíkri breytingu hefðum við viljað sjá grein þar sem tekið er á aldursmun aðila. Þ.e. að ef báðir aðilar eru á svipuðum aldri verði það ekki saknæmt að stunda kynlíf við 14-16 ára aldur, en ef annar aðili er 4 árum eldri eða meira teljist það saknæmt og samsvari því hvetja barn til að stunda kynlíf.

12. gr.
Erum mjög sáttar við að refsing fyrir sölu fellur niður og að auglýsingar um kynlíf verið bannaðar.

Hefðum við eindregið viljað sjá kaup á vændi gerð refsiverð og sænsku leiðina tekna upp hér á landi. Þetta er ein leið til að sporna við vændi og mansali og finnst okkur rétt að löggjafarþing myndi róa að því öllum árum að sænska leiðin yrði tekin upp.